

Námskrá fyrir 4. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í
Aðalnámskrá grunnskóla

Íslenska

Meginmarkmið

Stefnt skal að því að nemendur

- nái valdi á frumþáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun eins og þroski þeirra leyfir og rækti með sér virðingu fyrir málinu
- geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á viðeigandi máli, töluðu og rituðu og geti auk þess gert sig skiljanlega á annan hátt og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín
- auki þekkingu sína á eðli málsins og lögmálum þess, þ.e. íslensku málkerfi og geri sér grein fyrir margbrotnu hlutverki móðurmálsins í daglegu lífi og notkun þess við ólíkar aðstæður.

Unnið er með þróunarverkefnið *Læsi til náms* en það nær til allra þátta móðurmálsins, þar sem vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er fellt saman í eina heild.

Námsmat

Ólíkir námsþættir í íslensku eru metnir á mismunandi hátt. Auk símats eru stafsetningar-, málfræði- og lestrarkannanir lagðar fyrir nemendur en að auki meta nemendur færni sína sjálfir.

Lestrarstefna Fossvogsskóla

Áherslur í kennslu

Í 4. bekk er lögð áhersla á að auka almenna lestrarfærni. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er lesskilningur eflur og unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi.

Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna, með því að hlusta á þau lesa að lágmarki 2 – 3 bls. á dag og og ræða innihald textans. Einnig er mikilvægt að börnin lesi í hljóði sér til ánægju í góða stund á hverjum degi - yndislestur. Í flestum tilvikum velja nemendur sér lestrarbækur eftir áhugasviði en einstaka sinnum munu kennarar senda nemendur heim með ákveðið efni sem ætlast er til að þeir lesi heima með foreldrum ásamt því að ræða um efnið.

Námsmat

Samræmd próf

Allir nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í íslensku í september. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin og viðeigandi ráðstafanir gerðar um hvernig best sé að bregðast við ófullnægjandi árangri einstakra nemenda.

Orðarún

Lesskilningspróf sem umsjónarkennari leggur fyrir tvisvar á ári.

Leið til læsis

Stutt eftirfylgniþróf sem gerir kennurum kleift að fylgjast með framgangi lestrarnámsins.

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í september, janúar og apríl. Almenn viðmið er 110 – 200 atkvæði á mínútu að vori og innan við 5% villur.

Stafsetningarpróf

Aston Index er stafsetning stakra orða eftir upplestri. Þau sýna hvaða nemendur eiga við sértæka réttitunarferfiðleika að stríða. Umsjónarkennari/sérkennari leggur prófið fyrir í október og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem eru í áhættuhópi.

Lestur

Markmið

Að nemendur

- nái aukinni lestrarfærni
- auki orðaforða sinn
- efli lesskilning og geti gert munnlega og skriflega grein fyrir því efni sem þeir hafa lesið
- nái tókum á því að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- geti nýtt sér helstu lestrarmerki
- geti lesið upphátt skýrt og áheyrilega á viðunandi hraða.

Námsefni

Lestrarbækur þar sem miðað er við getu, þroska og áhuga hvers og eins. Nemendur lesa heima, æfa endursögn á völdum köflum og skrifa niður og/eða flytja fyrir bekkinn.

Efnisþættir/leiðir

Heimalestur: Nemendur eiga að lesa daglega upphátt fyrir foreldra og í hljóði.

Lestur í skóla: Yndislestur í skólanum a.m.k. þrisvar í viku. Auk þess lesa nemendur upphátt fyrir kennara og samnemendur í námsbókum, s.s. í lestrarbókum, samfélagsfræði og bókmenntum.

Framsögn: Lögð er áhersla á að nemendur fái þjálfun í að tjá sig fyrir framan allan nemendahópinn með upplestri texta, ljóða og leikrita og með því að tjá skoðanir sínar.

Lesskilningur: Unnið verður með hugtök og orðaforða einkum í tengslum við verkefnið *Lestur til náms*.

Ljóð

Markmið

Að nemendur lesi, læri, syngi og yrki ljóð.

Námsefni

Valin eru ljóð af ýmsu tagi.

Efnispættir/leiðir

Nemendur lesa, flytja, syngja, semja og læra ljóð, skrá þau niður og myndskreyta. Lögð verður áhersla á nákvæmni og snyrtilega uppsetningu í vinnubók.

Ritun

Markmið

Markviss ritþjálfun er nauðsynleg til að unnt sé að bæta og efla tjáningu nemenda í rituðu máli, beina ritun inn á ólíkar brautir og þroska margbreytilega málnotkun. Lögð er áhersla á skapandi þátt málsins þar sem nemendur semja frásagnir og ljóð og persónulega ritun þar sem hugarheimur nemenda er uppspretta frásagna.

Efnispættir

Frásagnir, sögur, úrdrættir, mannlýsingar og leiðbeiningar. Ákveðin viðfangsefni eru valin af kennara í tengslum við m.a. samfélagsfræðiverkefni og unnin ýmis ritunarverkefni í vinnubókum.

Námsefni

Sögusteinn, *Ljóðsprotar* og viðfangsefni eru af ýmsu tagi. Í vinnubókum nemenda eru margvísleg ritunarverkefni sem reyna á lesskilning og frjálsa tjáningu. Einnig er fengist við ritun í tengslum við aðrar námsgreinar.

Leiðir

Ólíkum kennsluaðferðum er beitt til að glæða áhuga nemenda á ritun. Lögð verður áhersla á uppbyggingu góðrar frásagnar. Unnin er einstaklingsvinna, hópvinna og þemavinna. Nemendur fá tækifæri til að lesa eigin texta fyrir samnemendur.

Málfræði

Markmið

Að nemendur

- læri rétta notkun íslensks máls í ræðu og riti eins og þroski þeirra leyfir
- vinni með grunnhugtök í málfræði og stafsetningu.

Efnispættir

- Að raða orðum í stafrófsröð
- að nota orðabók
- að skrifa texta rétt eftir bókum og upplestri
- að þekkja reglur um stóran og lítinn staf
- eintala og fleirtala
- samheiti og andheiti
- munur sérhljóða og samhljóða
- orðtök og málshættir
- samsett orð
- sérnöfn og samnöfn
- kyn nafnorða
- fallbeyging nafnorða
- lýsingarorð
- sagnorð
- ng/nk reglan
- einfaldur og tvöfaldur samhljóði
- notkun hjálparorðanna minn og mín við ritun á n/nn.

Námsefni

Skinna, vinnubók I og II, ýmis aukaverkefni og ítarefni. Einnig verður unnið með léttar upplestraræfingar og sóknarskrift í stafsetningu.

Leiðir

Verkefnavinna í skóla og heima, ýmist einstaklingsvinna eða hópvinna.

Skrift

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í skrift sem nýtist þeim vel í skólastarfinu og síðar í daglegu lífi
- noti rétta stafagerð, tengingu og vönduð vinnubrögð.

Efnispættir

- Að draga rétt til stafs
- að stafir sitji rétt á línu
- hástafir og lágstafir
- tengikrókar og tengiskrift
- tölustafir.

Námsefni

Skrift 4.

Leiðir

Rithönd æfð í skrifarbækur og vinnubækur, innlögn frá töflu og einstaklingskennsla.

Stærðfræði

Meginmarkmið

Markmið með stærðfræðikennslu er annars vegar að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem nýtist nemendum í námi og daglegu lífi og hins vegar að efla vitsmunaproska þeirra.

Markmið

Að nemendur

- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum
- geti útskýrt fyrir kennara og öðrum hvernig þeir leysi verkefni
- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg verkefni
- kynnist mismunandi aðferðum við þrautalausnir
- kynnist og þjálfri rökfræði
- geti notað stærðfræði í daglegu lífi
- þjálfist í reikniáðgerðunum samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu og geri sér grein fyrir hvenær nota skal viðkomandi áðgerð
- efli skilning sinn á tugakerfinu.

Námsmat

Kannanir eru lagðar fyrir nokkrum sinnum á ári, s.s. símat. Nemendur geta sjálfir metið færni sína í einstökum efnisþáttum.

Efnisþættir/leiðir

Að loknum innlögnum vinna nemendur sjálfstætt í kennslubókum eftir námsáætlun kennara. Auk þess vinna nemendur í frjálsum aukabókum eftir áhuga og getu hvers og eins. Lögð er áhersla á að nemendur noti og kynnist ýmsum hjálpargögnum.

Námsefni

Notaðar verða bækurnar *Sproti 4a* og *4b* + æfingahefti, *Viltu reyna*, Stjörnubækur og ýmis vinnuhefti.

Enska

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að skilja einfalt mál, skilji efni á diskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með

- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta
- geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími og ljóðum
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti skrifað eftir fyrirmyndum orð um kunnugleg efni
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.

Námsmat

Virgni og ástundun er metin jafnóðum.

Efnisþættir Bókin *Abracadabra beginners* er byggð upp í kringum ákveðna efnisflokk, sem eru: stafrófið, tölur, litir, heimilið, líkaminn, föt, skólastofan, tíminn, matur, sveitin, lönd og jól.

Námsefni Kennslubókin *Abracadabra beginners* er lesbók og vinnubók ásamt vinnublöðum, diskum, sönghefti og ýmsu ítarefni. *Barnaorðabók Forlagsins* notuð í þemaverkefnum. Einnig er notað ýmiss konar fjölritað efni s.s. krossgátur, þrautir og léttlestrarbækur ásamt verkefnum úr þeim.

Leiðir

Til að þjálfar skilning og talmál betur fáum við erlenda kennaranema. Einnig er notað hlustunarefni sem hefur að geyma talað mál og söngva. Framburður og leikni æfð með ýmsum leikjum og fyrirspurnum. Ritun og stafsetning þjálfuð á þemablöðum og með ýmsum öðrum verkefnum.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemendur

- fái þjálfun í að undirbúa og vinna ýmis verkefni og heimilisstörf
- geti notað einföld mælitæki
- geti notað einföld áhöld og tæki og viti hvað ber að varast við notkun þeirra
- geti gengið frá að verki loknu
- viti um gagnsemi og skaðsemi örvera
- geti gert einfaldan verðsamanburð
- hafi tileinkað sér eldhúsreglurnar (hreinslæti, kurteisi, tillitssemi, aðgát, samvinna og agi í skólaeldhúsinu).

Námsmat

Símat á virgni og vinnusemi auk mats á verklegum og skriflegum þáttum.

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, hreinslæti við eldhússtörf, frágangur að verki loknu, fæðuflokkarnir og uppruni fæðuefnanna, mál og vog og að fara eftir

uppskriftum, umhverfisvernd, vörugæði, verðskyn og orkusparnaður, tannvernd, slysaætta á heimilum, eldhúsreglur og borðsiðir.

Námsgögn

Námsefnið *Hollt og gott* 3. hefti fyrir 4. bekk, aukaverkefni og uppskriftir á ljósrituðum blöðum, glærur og myndbönd, hráefni s.s. ávextir, grænmeti, kornvörur, egg og mjólk.

Leiðir

Beitt er sýnikennslu og innlögn. Verkefni eru bæði verkleg og skrifleg. Lögð er áhersla á hollan morgunmat og að nemendur hafi meðferðis hollt nesti í skólann. Eldhúsreglur eru mikilvægar í skólaeldhúsinu. Hreinlæti, samvinna, kurteisi, tillitssemi, aðgát og agi falla undir eldhúsreglur. Þúar eru til léttar máltíðir og smáréttir og bakað brauð og kökur. Nemendur framreiða, leggja á borð, vaska upp og ganga frá í eldhúsinu. Gagnsemi örvera og skaði sem þær geta valdið er til athugunar í sambandi við umfjöllun um mjólkurvörur. Við ræðum um samhjálp og samábyrgð á heimilinu og í skólanum. Nemendur fræðast um eigið hreinlæti, tannvernd, fötin og skóna, hvernig best er að halda eigin herbergi hreinu og um slysaætta á heimilum.

Íþróttir

Meginmarkmið

- Að efla þol og þrek nemenda og læra rétta líkamsbeitingu
- að efla sjálfstraust og félagsfærni nemenda
- að læra reglur í hinum ýmsum íþróttagreinum og að nemendur læri reglur sem gilda í leikfimisal og búningasklefa og læri að umgangast líkama sinn af virðingu.

Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund og fræðist um heilsusamlegt lífverni
- þroski hæfileika sinn til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fá aukið sjálfstraust og viljastyrk
- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi.

Námsmat

Metin er ástundun, áhugi, hegðun og virkni og reglulega fer fram sjálfsmat.

Efnispættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – spaðaiþróttir – frjálsar íþróttir – heilsuvernd.

Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar.

Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- og bandýboltar, golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennisspaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, spilateningar, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, bandýsett, hljómflutningstæki.

Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

Lífsleikni

Meginmarkmið

Að efla alhliða þroska nemenda. Unnið verður með félagsþroska, siðvit og virðingu nemenda fyrir sjálfum sér og öðrum.

Efnispættir

- Tjáskipti
- tilfinningar
- samvinna
- lífsgildi í fjölskyldum
- hlutverk hvers og eins
- grunnþarfir
- lausn ágreiningsmála
- skýr mörk í sambandi við hegðun.

Námsefni

Uppeldi til ábyrgðar sem skólinn hefur unnið eftir síðustu ár og fleira.

Leiðir

Umræður og verkefnavinna tengd *Uppeldi til ábyrgðar* og fleiri verkefni.

Myndmennt

Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði

- fái aukna möguleika á að kynnast, skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum sem tengjast greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s frv.
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfaga gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

Efnisþættir

- Málun
- grafík
- leirmótun
- teikning
- myndbygging.

Námsgögn

Blýantur, pappír, karton, þekjulitir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld, einnig annað sem tilheyrir verkefnunum hverju sinni.

Leiðir

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota viðkomandi vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings- eða hópvinna. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur eru hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk og annarra. Nemendur safna verkefnum sínum í möppu sem þeir fá heim með sér í lok annar.

Náttúruvísindi og umhverfismennt

Meginmarkmið

Að viðhalda og efla forvitni og áhuga nemenda á umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar. Byggja upp þekkingu og stuðla að því að nemendur umgangist náttúruna af ábyrgð og virðingu. Að nemendur upplifi náttúruna og nánasta umhverfi sitt á jákvæðan hátt, verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft, temji sér rétta umgengni við náttúru landsins, geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans byggist á samspili við hana.

Markmið

Að nemendur

- átti sig á fjölbreytileika í náttúrunni
- flokki úrgang og skilji mikilvægi þess

- skoði lífríkið í nánasta umhverfi
- kynnist jarðfræði Íslands
- fari í vettvangsferðir.

Námsmat

Sjálfsmat og einnig áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

Námsefni

Komdu og skoðaðu hringrásir og Komdu og skoðaðu tæknina, Tré og greiningarlykill fyrir tré, Náttúran allan ársins hring, Veraldarvefurinn, ýmis uppflettirit, myndbönd og ýmsar handbækur tengdar viðfangsefninu hverju sinni og verkefni sem kennari útbýr.

Leiðir

Umráður, vettvangsferðir, athuganir, tilraunir, útikennsla og hreinsun á skólalóð. Nemendur vinna í hópum eða einstaklingslega.

Efnispættir

Hringrásir í náttúrunni, tré, dýralíf, nánasta umhverfi.

Samfélagsfræði

Samfélagsfræði samanstendur af sögu landsins og tengslum hennar við landið, auðlindir þess og landfræðilega legu.

Meginmarkmið

Að nemendur kynnist landfræðilegum hugtökum og geti unnið með kortabækur og að nemendur fái innsýn í íslenskt sveitasamfélag á 19. öld og beri það saman við það þjóðfélag sem þeir þekkja.

Markmið

Að nemendur

- öðlist skilning á því að hvaða leyti fjölskyldan er grunneining í samfélagi manna
- þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar, t.d. breytingum á byggingum og umhverfi
- öðlist skilning á legu landsins og landfræðilegum hugtökum
- fái innsýn í söguna t.d. í gegnum bækur, ljósmyndir, viðtöl, myndbönd og söfn
- komi kunnáttu sinni á framfæri munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og/eða leikrænni tjáningu
- kynnist og geri sér grein fyrir lífi og störfum í sveitinni.

Námsmat

Vinna nemenda og virkni í tímum metin jafnóðum. Sérstök áhersla er lögð á samvinnu og vönduð vinnubrögð og að allur frágangur sé til fyrirmyndar.

Efnisþættir/námsgögn

Ísland áður fyrr, landfræðileg hugtök s.s. kaupstaðir, flóar, jöklar, firðir, eyjar o. fl., áttirnar og landsfjórðungar, búseta og ólíkar aðstæður fólks.

Námsefni

Ísland áður fyrr; Komdu og skoðaðu – Þjóðhætti, Ísland landið okkar, Land og líf og kortabækur.

Leiðir

Til að glæða áhuga nemenda á efninu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til að koma hugmyndum sínum og vitneskju á framfæri áður en efnið er skoðað. Ýtt er undir jákvæð samskipti, samvinnu og verk nemenda eru kynnt.

Sund

Markmið

Nemendur eru að æfa fyrir ákveðið sundstig og miðast kennslan við hvaða sundstig hver og einn er að taka. Mikil áhersla er lögð á að ná góðri og réttri tækni og að sund sé skemmtileg og góð alhliða hreyfing. Nemendur fá einnig að kynnast ýmsum leikjum í vatni og læra af leik. Kennsla fer fram í innilauginni í Laugardalnum sem er 25 m laug, en yngstu nemendurnir fá minna svæði. Nemendur þurfa sjálfir að koma með sundgleraugu ef þeir vilja nota þau við námið.

Námsmarkmið

Að nemendur

- öðlist aukna færni í bringusundi, baksundi, skriðsundi og skólabaksundi.
- þjálfist í samvinnu, sýna tillitsemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

- **Hæfniviðmið**

- 25 metra bringusund
- 15 metra skólabaksund
- 25 metra skriðsund með/án sundfit
- 12 metra baksund
- kafa í gegnum hring
- kafa eftir hlut, eftir 4 m kafsund
- stunga úr kroppstöðu.

Námsmat

Það sem metið er:

- Hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

Textílmennt

Markmið

Að

- vekja áhuga og skilning nemenda á handverki og verkmenningu
- örva sköpunargleði og vekja forvitni á greininni og möguleikum hennar til sköpunar
- nemendur þjálfist í að vinna með liti og form
- nemendur læri einfaldar aðferðir í tauprykki og flókagerð
- nemendur geri sér grein fyrir textílvinnuferli, þ.e. hvernig hugmynd verður að fullunnum hlut
- nemendur þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- nemendur fræðist um mismunandi aðferðir við að ná settu marki
- nemendur þjálfist í að meta eigin verk og annarra.

Námsmat

Metin er geta og kunnátta nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni.

Efnisþættir

- Mynsturgerð
- tauprykk
- vélsaumur
- útsaumur
- prjón
- þæfing.

Námsgögn

Garn, prjónar, nálar, tölur, saumavélar, ull, efni, áhöld fyrir tauprykk, þæfingu og fleira sem tilheyrir greininni.

Leiðir

Einstaklingskennsla, hópkenndsla og verkleg vinna eftir því sem við á hverju sinni.

Tónmennt

Markmið

Að nemendur

- læri að nota tákinn f, p, G og L við skráningu og flutning tónlistar
- sýni fram á með hreyfingu að þeir skynji frum- og efnisþætti tónlistar, s.s. púls, áherslur, einfalt form hraðabreytingar, tónhæðarmun o.s.frv.
- læri að skrá eftir heyrn hálfnotur, fjórðapartsnótur, áttundapartsnótur og fjórðapartspögn
- geti flutt tónlist eftir grafískri skrift, s.s. laglínustefnu, endurtekningu nótna, háa og djúpa tóna o.s.frv.
- þekki G-lykil, nótnastreng, nótnalínur og – bil og endurtekningarmerki
- þekki og geti sungið nokkur íslensk og erlend þjóðlög
- þekki og geti sungið nokkra árstíðabundna söngva.

Námsefni

Syngjandi skóli, Það var lagið, Tónmennt 1. og 2. hefti, ýmis lög og tónverk af geisladiskum og Netinu.

Leiðir

Unnin verða hópverkefni sem kalla á sköpun og flutning tónlistar. Hlustað verður á tónlist og dansað, ýmis hlustunarverkefni verða lögð fyrir nemendur. Nemendur leika á skólahljóðfæri í hópum. Nemendur þjálfast í söng og ná að kynnast möguleikum raddarinnar í gegnum „kall og svar“ með kennara. Nemendur læra söngva eftir heyrn og táknum.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

Trúarbragðafræði

Markmið

Að efla trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska nemenda. Nemendur fræðist um kristna trú og gyðingdóm, öðlist þekkingu á *Biblíunni* og bíblíusögum, temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleika, sáttfýsi, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, lífi og umhverfi.

Námsmat

Metin er þátttaka og virkni í umræðum.

Efnisþættir

- Saga Ísraelsmanna
- ævi Jesú
- kristilegar hátíðir
- kirkjan og trúarlegar athafnir.

Námsefni

Kennslubækurnar *Birtan* og *Gyðingdómur-sáttmáli þjóðar*.

Leiðir

Námsbækur lesnar, hlustað á tónlist og myndbönd tengd efninu skoðuð. Umræður og verkefnavinna, einstaklings- og hópavinna.

Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér þær öryggisreglur er gilda í smíðastofunni
- læri að þekkja og nota grunnverkfærin og tileinki sér aðgæslu í umgengni við þau
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- fái hvatningu til að hugsa um umhverfi sitt og styrkist í að móta eigin hugmyndir í efni
- velti fyrir sér gildi og markmiðum landakorta og tengi eigin ferðareynslu um Ísland við Íslandskort.

Áhersla lögð á frumkvæði og sköpun og að nemendur leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum, læri að nota ólík efni og áhöld og vinni sjálfstætt og geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum.

Námsgögn og leiðir

Unnið er með 4. mm MDF plötu og 4-6 mm krossvið í að búa til púsluspil þar sem reynir á mismunandi þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Verkefni: Nemendur smíða púsluspil í formi Íslandskorts.

Námsmat

Símat sem felur í sér að kennari metur tvisvar á önn fjóra þætti í verklagi nemandans:

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

Lokaafurð metin á þann hátt að kennari metur verkefni nemandans með því að spjalla við hann um fyrrgreind atrið og með því að leggja mat á vinnuskýrslur hans í sambandi við verkefni annarinnar. Í vinnuskýrslum vetrarins metur nemandinn sjálfur þau atriði sem talin eru upp hér að ofan, skilar inn teikningu og verklýsingu af verkefnum annarinnar og metur endanlega niðurstöðu/útkomu þeirra.

Upplýsinga- og tæknimennt

Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi

Meginmarkmið

við lok 4. bekkjar

- að nemendur séu eins vel læsir í víðum skilningi og kostur er, bæði á texta og töluleg gögn, þjálfðir í gagnrýninni hugsun og tryggð grunnþekking á sviði tæknifærni og miðlunar
- að nemendur líti á upplýsinga – og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða –greinar.

Námsmat.

Umsögn byggð á símati gefin í lok annar.

Tæknilæsi

Markmið

Að nemandi

- tileinki sér jákvæða afstöðu til upplýsingatækni og líti á hana sem eðlilegan þátt námsins
- þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- kunni að taka myndir á myndavél og meðferð ljósmynda
- geti skeytt myndum inn í texta á tölvutæku formi
- geti brotið um texta með myndum.

Leiðir

Nemendur vinna í tölvuveri. Einnig er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Upplýsinga- og menningarlæsi

Markmið

Að nemandi

- viti að fræðslufni á skólasafninu er flokkað eftir ákveðnu kerfi (Dewey)
- læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s. atriðisorðaskrá og nafnaskrá í fræðibókum
- geti unnið að verkefnum úr fræðibókum og lesið einföld kort, gröf og töflur
- geti leitað heimilda í bókum og Neti og unnið úr þeim á skipulegan hátt; það felur í sér að nemandi geti:
 - mótað spurningar út frá efni
 - nálgast þau gögn sem þarf að nota
 - aflað heimilda, flokkað, greint og varðveitt heimildir á skipulegan hátt
 - metið upplýsingar með tilliti til áreiðanleika þeirra
 - unnið úr upplýsingum og raðað saman efni þannig að efnið myndi eina heild
 - gert grein fyrir niðurstöðum sínum og skilað þeim miðlum sem henta

- skráð heimildir
- noti skólasafnið reglulega
- þekki ýmsar greinar bókmennta
- þekki nokkuð vel til helstu íslenskra og erlendra barnabókahöfunda og verka þeirra
- viti hvað hugtakið höfundaréttur merkir
- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni, s.s. bangsadegi og fleiri tilfallandi uppákomum.

Leiðir

Nemendur í 4. bekk hafa ekki fastan safnkennslutíma í stundatöflu. Þeir nota safnið reglulega og nýta sér safnkost safnsins, bæði til yndislestrar og upplýsingaleitar við verkefnavinnu. Þeir taka þátt í lestrarátaki skólasafnsins.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemendur læri að njóta nánasta umhverfis og öðlist virðingu fyrir náttúrunni, tengi náttúruna við almennt nám, efli þekkingu sína, þjálfí samvinnu, rannsóknarvinnu og öflun gagna á vettvangi.

Markmið

Að nemendur:

- læri reglur um útikennslu og að útbúa sig miðað við veður og árstíma
- þjálfist í samvinnu og að bera ábyrgð á sjálfum sér og hópnum í heild
- þjálfist í að fara í heimsóknir utan skólabyggingar t.d. á söfn og fyrirtæki, þannig að framkoma þeirra sé þeim sjálfum og skólanum til sóma
- þjálfist í að safna og vinna með gögn á vettvangi sem og vinna úr þeim.
- þjálfist íslenskt mál t.d. með því að flokka orð í náttúrunni og vinna með þau á ýmsan hátt, yrkja ljóð o.fl.
- safni efnivið í náttúrunni, æfi flokkun, speglun, mælingar, formskoðun og geri ýmsar rannsóknir
- þjálfast í að fara eftir fyrirmælum

Efnisþættir/Leiðir

Útikennsla er ekki sérstök námsgrein innan skólans heldur er verið að kenna ýmsar námsgreinar úti við. Einnig eru þessir tímar nýttir í vettvangsferðir sem oftast tengjast námsefninu á einhvern hátt, t.d. safnaheimsóknir, fjöruferðir eða slíkt. Mikil áhersla er lögð á nám í gegnum leik. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

Námsmat.

Námsmat er í formi sjálfsmats og símats kennara þar sem viðhorf til verkefna, þátttaka, samvinna og það hvort nemandi fylgi fyrirmælum eru lögð til grundvallar.